

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.12.2015
Málalykill	
Mál nr.	1512315

Virðulega Bæjarstjórn Garðabæjar

Amma mín á húsið í Goðatúni 34 í Garðabæ. Hjarta hennar hefur verið í þessu Bæjarfélagi í tugi ára en hún og afi bjuggu í Garðabæ allt hjónabandið sitt en afi lést árið 2012.

Afi vann lengi á sjó og amma sá um börnin þeirra 6 af mikilli ástríðu. Hún fór síðan að læra sjúkraliðann og starfaði í mörg ár við það á Vífilstöðum.

Húsið í Goðatúni var alltaf eins. Hlýlegt, fallett og notalegt skjól frá öllu utanaðkomandi áreiti heimsins. Hjá ömmu og afa var alltaf gott að vera og allir velkomnir að kíkja í kaffi og fá knús og kaffi, djús og kökur. Amma var alltaf svo myndarleg að baka og átti alltaf til nóg af bakkelsi.

Þegar afi var á lífi áttu þau hjónin alltaf saman stund í eldhúsinu eftir kvöldmatinn þar sem amma vaskaði upp og afi þurrkaði á meðan þau horfðu á smáfuglana út um eldhúsgluggann og spjölluðu saman. Á hverju kvöldi. Amma gaf smáfuglunum í garðinum á hverjum einasta degi og naut þess svo að horfa á þá fá sér snæðinginn. Hún er svo mikill dýravínur.

Hún eyddi miklum tíma í garðinum sínum. Stór garður fylgir húsinu og amma vann meira að segja til verðlauna fyrir hann einu sinni. Hún var alltaf að ditta að honum.

Eftir framkvæmdirnar sem Garðabær stóð fyrir fór húsið hennar, lóðin og allt umhverfið að breytast. Það fór svo þannig að húsið er ónýtt. Við aðstandendur unnum að því að leita réttar gömlu hjónanna. Ykkur er eflaust alveg ljóst hvernig mál ömmu fór. Amma mín er öreigi. Hún getur ekki búið í húsinu sem hún elskaði svo heitt. Hún getur ekki unnið í garðinum sínum lengur. Hún er að leigja íbúð í Garðabæ sem er með aðgengi í kjallara. Kjallarinn er langur og dimmur eins og bílakjallari. Tvisvar hefur þurft að sækja ömmu á sjúkrahús heim til hennar og aðgengið er þannig að ekki er hægt að koma sjúkrabörnunum heim til hennar niðri kjallarann. Þess má þó geta að þessar íbúðir eru fyrir eldri borgara.

Amma eyddi öllum sínum peningum í að reyna að fá réttlæti í þessu máli. Börnin hennar líka. Við eigum ekkert eftir.

Amma mín er á spítala núna. Þetta hefur farið illa með hana. Hjartað hennar er orðið veikt. Hún er samt alltaf svo stolt og falleg kona. Draumurinn væri að hún gæti komist á Ísafold en hún hefur ekki efni á því. Því miður.

Nú kem ég mér að því sem ég vil koma að í þessu bréfi:


Mig langar í raun að grátbiðja ykkur að kaupa húsið og allt sem því fylgir af ömmu minni á sanngjörnu verði. Viljið þið hjálpa okkur að láta gömlu konuna eiga betra ævikvöld. Hún er 86 ára gömul og er engill í mannsmynd. Hún hefur gert allt fyrir alla og ábyggilega séð um einhverja úr ykkar fjölskyldu á Vífilstöðum hér áður og fyrr.

Ég stofnaði síðu á Facebook til að sjá hversu mikinn stuðning amma hefði í þjóðfélaginu og viðbrögðin hafa orðið gríðarleg en rúmlega 3600 vinir eru á síðunni og bætast við nýir vinir daglega.

Með þessu bréfi sendi ég undirskriftalista sem ber nöfn tæplega 1300 einstaklinga sem skrifuðu undir til að sýna sinn stuðning við gömlu konuna.

Mig langar að þetta mál ömmu fái sanngjörn málalok og mér finnst það ekki hafa náðst hingað til. Ég vona að þið lítið á þetta mál með manneskjulegum augum. Hvað ef þetta væri amma ykkar? Eða mamma?

Með vinsemd og virðingu og óskum um gleðileg jól



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

